


Um sjóðinn

Landsbréf – Einkabréf C er blandaður fjárfestingarsjóður með virka eignastýringu og er ætlaður viðskiptavinum Einkabankaþjónustu Landsbankans. Fjárfest er aðallega í innlendum og erlendum sjóðum ásamt skuldabréfum og hlutabréfum. Einnig er fjárfest í innlánum hjá fjármálafyrirtækjum og stökum peningamarkaðsgerningum í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðurinn hefur heimild til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Hámarksfjárfesting í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum er 40% af eignum sjóðsins og hámarksfjárfesting í skuldabréfum öðrum en ríkistryggðum og skuldabréfasjóðum er 30%.

Til skamms tíma má búast við umtalsverðum sveiflum í ávöxtun sjóðsins og ráðlagður fjárfestingartími er 3 ár eða lengri.


Allar frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykilupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is og á afgreiðslustöðum Landsbankans. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér lykilupplýsingar og útboðslýsingu sjóðsins, þá sérstaklega umfjöllun um fjárfestingarstefnu og áhættu.

Eignasamsetning**Stærstu eignir**

Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf	15,3%
Landsbréf - Úrvalsbréf	14,5%
Landsbréf - Sparibréf verðtryggð	9,6%
Ríkisbréf verðtryggð 21	9,5%
Innlán - Landsbankinn hf.	5,8%

Verðtrygging

Verðtryggt	52,3%
Óverðtryggt	12,4%
Annað	33,5%
Reiðufé ²	1,7%

Árangur sjóðsins**Gengisþróun****Nafnávöxtun**

Frá áramótum	6,28%
1 ár	9,16%
2 ár*	5,64%
3 ár*	3,96%
4 ár*	4,62%
5 ár*	6,66%

* Meðaltal nafnávöxtunar á ársgrundvelli

Áhætta

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Hlutdeildarskírteini sjóðsins geta lækkað í verði ekki síður en hækkað og eru því ekki áhættulaus, fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir.

Markaðsáhætta fylgir öllum fjármálagerningum og er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla til dæmis vaxtaáhætta og gengisáhætta.

Skuldaraáhætta er í sjóðnum og er sú áhætta að útgefandi skuldabréfs, peningamarkaðsgernings eða innláns standi ekki við skuldbindingar sínar og fjárfesting tapist því að hluta eða öllu leyti. Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefanda verðbréfa er í sjóðnum.

Rekstraráhætta er í sjóðnum, fjármunir gætu tapast vegna ófullnægjandi innri ferla og mannglegra mistaka eða vegna ytri atburða, þ.m.t. vegna vörslu eigna vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

Uppgjörsáhætta er til staðar ef mótaðili í viðskiptum stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör viðskipta á sér stað eða afhendir ekki fjármálagerning á réttum tíma.

Gjaldmiðlaáhætta er í sjóðnum, fjárfest er í fjármálagerningum í erlendra tíma.

Nánari upplýsingar um áhættubætti má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Almennar upplýsingar

Kennitala:	431212-9190
Stofndagur:	16.1.2013
Grunnmynt:	ISK
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufélag:	Landsbankinn hf.
Söluaðili:	Landsbankinn hf.
Sjóðsform:	Fjárfestingarsjóður (Non-UCITS)
Umsýslubóknun:	0,65%
Bloomberg auðkenni:	-
LEI númer:	5493004W0Y6SNWH8TY58
Sjóðstjórn:	Guðmundur K. Guðmundsson Guðný Erla Guðnadóttir Valgarð Briem
Framkv.stj. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 13:30
Lágmarkskaup:	5.000 kr.
Afgreiðslugjald:	450 kr.
Gjald við kaup:	1%
Áskriftarmöguleiki:	Nei
Uppgjörstími:	2 bankadagar

Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	8.690,5
Gengi sjóðsins:	14,319
Staðalfrávik :	3,22%
Áhættumælikvarði	3/7

*Staðalfrávik ávöxtunar er tölfraðileg stærð sem mælir sveiflu frá meðalávöxtun á ársgrundvelli. Staðalfrávik byggir á daglegum gögnum eitt ár aftur í tímann. Núverandi mat á staðalfrávik endurspeglar ekki endilega staðalfrávik í framtíð.

Hafðu samband**Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta Landsbankans**

Austurstræti 5, 155 Reykjavík

Sími: 410 4040

www.landsbankinn.is

www.landsbref.is

Skattalegar upplýsingar

Tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru innleyst. Skatthlutfall þetta er nú 22%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

¹ Bæði getur verið um að ræða fjárfestingu beint í verðbréfum í tilteknum eignaflokk og í hlutdeildarskírteini sjóða sem fjárfesta í tilteknum eignaflokk. Ef fjárfest er í sjóðnum Landsbréfa er ekki innheimt umsýslubóknun eða munur á kaup- og sölugengi.

² Horft er í gegnum undirliggjandi sjóði og því er bæði um að ræða reiðufé í vörslu Einkabréfa C og undirliggjandi sjóða.